



NÚ KEMUR GAMLA KLÍKAN SAMAN Á NÝ!

Dagana 27.-30. júní fer fram fyrsta landsmót eldri skáta og verður það haldið á Úlfjótuvatni. Markmið mótsins er að skapa vettvang fyrir eldri skáta til að koma saman, endurnýja venskapinn og upplifa aftur „liðin sumur og yndisleg vor“.

FYRIR HVERJA?

Landsmót skáta 40+ er opið öllum eldri skátum, fjölskyldum þeirra og velunnurum. Þrátt fyrir að titill mótsins sé „40+“ þá er ekki verið að vísa í aldurstakmark heldur aðeins verið að undirstrika að markmiðið er að ná til eldri skáta á öllum aldri og verða megin áherslur í dagskránni fyrir aldurshópin 22 ára og uppúr.

Mótsgestum er að sjálfsögðu velkomnið að taka börn og barnabörn með á svæðið enda nóg fyrir alla aldurs-
hópa að gera á þessum frábæra stað.

SJÁUMST Á ÚFLJÓTSVATNI!

Það er von okkar sem að þessu stöndum að eldri skátar noti þetta tækifæri, komi og veri með. Þetta er frábært tækifæri til að hitta gamla vini og kjörið tækifæri til að **hóa saman gamla vinahópnum** og drífa sig saman í skemmtilega útilegu.

Skátafélögin ættu svo sannarlega að nýta sér mótið til að safna saman sínu baklandi og gera þennan viðburð að sínum. Hver veit nema að margur skátinn eigi eftir að bjóða fram krafta sína á ný eftir endurnærandi helgi við varðeldsglóð og vinafund.

FRÁBÆR FÉLAGSSKAPUR - VARÐELDAR OG KVÖLDVÖKUR

ÚTIVIST - SÖNGUR, GRÍN OG GLENS



DAGSKRÁ

Fylgist endilega með á vefnum varðandi nánari dagskrárupplýsingar eftir því sem nær dregur móti: eittsinn.is og smidja.is

Fimmtudagur 27. júní

- Tjaldsvæði Landsmóts skáta 40+ opnar formlega.
- Sýning í Ljósafoðsvirkjun opin frá 10:00-16:00
- Gítarsmiðja kl. 18:00-19:00. (Félagar frá Gítarskóla Guðmundar skáta mæta á svæðið og veita leiðsögn í kvöldvökuspilamennsku – grúpplagt að dusta rykið af gítarum og vera með).
- Kósíkvöld

Föstudagur 28. júní

- Opin dagskrá og margvísleg dagskrártilboð sem kynnt verða á dagskrártöflu.
- Gítarsmiðja kl. 16:00-18:00.
- Mótssetning og varðeldur kl. 21:00.
- Kaffihúsastemning í Strýttunni kl. 22:00.

Laugardagur 29. júní

- Opin dagskrá og fjöldi dagskrártilboða sem kynnt verða á dagskrártöflu (veiðikeppni, skemmtileg og uppbyggjandi verkefni í þágu staðarins, sýning í Ljósafoðsvirkjun og fleira).
- Íslandsmeistaramót skáta í Folli kl. 10:00. Keppt verður í karla- og kvennaflokki.
- Gítarsmiðja kl. 13:00-14:00.
- Gönguferðir undir leiðsögn - 3 mismunandi leiðir
- Íslandsmeistaramót skáta í golfi kl. 15:00 (mótið fer fram á golfvöllinum við Ljósafoðsstöð – leikfyrirkomulag: Texas-Scramble – nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið eittsinn@eittsinn.is).
- Míningar frá Úlfjótuvatni – sýning í Ljósafoðsstöð kl. 17:00. Leiðsögn um sýninguna og skemmtilegar upptakomur.
- Landsmótsgrillið kl. 18:30. Kveikt verður upp í sameiginlegu grilli á tjaldsvæðinu, hver og einn kemur með sinn mat.
- Hátíðarvarðeldur kl. 21:00. Dúndrandi söngur, skemmtiatriði og tilheyrandi.
- Kaffihúsastemning í Strýttunni kl. 22:00.

Sunnudagur 30. júní

- Tjaldbúðaskoðun með gamla laginu!
- Opin dagskrá og fjöldi dagskrártilboða sem kynnt verða á dagskrártöflu, verkefni í þágu staðarins og fleira.
- Brekkusöngur og mótsslit kl. 14:00.

ERT ÞÚ MEÐ FLEIRI HUGMYNDIR?

Fyrst og fremst er lögð áhersla á að mótsgestir noti tækifærið til að njóta samvista hvert við annað, rifja upp liðna daga og leggja á ráðin um ný og skemmtileg ævintýr en sem eins konar rammi utan um þann vettvang höfum við sett upp dagskrá þar sem allir geta fundið sér eitthvað við hæfi. Ef þú lumar á hugmynd að dagskrá þá skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur (eittsinn@eittsinn.is) og skemmtilegt væri auðvitað ef þú eða þið kæmuð með eitthvað sem við öllum gætum notið og tekið þátt í.

SKRÁNING

Nauðsynlegt er að þátttakendur skrái sig á mótið og verður opnað fyrir rafræna skráningu á vefsíðunni www.for-inginn.is föstudaginn 7. júní en einnig er hægt að skrá sig með tölvupósti á netfangið eittsinn@eittsinn.is.

TJÖLDUM SAMAN!

Fjölskyldur, hópar, klíkur og gömul gengi eiga þess kost að tjalda saman og í þeim tilfellum væri æskilegt að einhver talsmaður hópsins setti sig í samband við okkur svo við getum áætlað sæmilega rúmt svæði fyrir hvern hóp. Gaman væri að hóparnir myndu setja svip á mótið með því að gera sér hlið, setja upp fána og annað sem stemmning er fyrir.

MÓTSGJALD

Mótsgjald er aðeins kr. 2.000 pr/þátttakenda, óháð því hvort viðkomandi gisti eina eða fleiri nætur eða komi aðeins í dagsheimsókn. Innifalið í mótsgjaldi er sú dagskrá sem í boði er á vegum mótsstjórnar, ofið mótsmerki og mótsbók. Ekki er greitt mótsgjald fyrir börn en mögulegt verður að kaupa mótsbók og merki fyrir þau.

Gisting pr/nótt í tjaldi, tjaldvagni, fellihýsi eða hjólhýsi er kr. 1.000 á fullorðna en kr. 500 fyrir börn 12-17 ára. Börn yngri en 12 ára greiða ekki gistingjald.

Gisting í herbergi kostar kr. 2.000 pr/nótt og þarf að bóka slíka gistingu sérstaklega með tölvupósti á netfangið brynjolfur@skatar.is.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni eittsinn.is, smidja.is skrifstofu BÍS (550 9800) og með tölvupósti á netfangið eittsinn@eittsinn.is

UM MÓTIÐ LANDSMÓT SKÁTA 40+ ER SAMSTARFSVERKEFNI SKÁTAFÉLAGSINS SMÍÐJUHÓPURINN OG ÚTILFÍSMIÐSTÖÐVAR SKÁTA AÐ ÚLFJÓTSVATNI. MÓTSSTJÓRI ER ATLI S. INGVARSSON.
NÁNARI UPPLÝSINGAR: EITTSINN.IS / SMIDJA.IS / EITTSINN@EITTSINN.IS

